

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 27. apríl 1959, öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. marz 1963.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

9. febrúar

Nr. 28.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Þingeyrarkauptún, nr. 33 14. marz 1958.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Framkvæmd hafnarinnar og eftirlit með höfninni hefur hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti fimm menn, kosnir til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er hreppsnefndin kýs. Heimilt er að kjósa menn í hafnarnefnd, þótt þeir eigi ekki sæti í hreppsnefndinni.

2. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skip skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Þingeyrarhöfn, og hafa eitt-hvert samband við land til þess að skila eða taka farþega, vörur og þess háttar. Undanþegin hafnargjaldi eru: Herskip, varðskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna og skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land.

3. gr.

31. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Skip, sem eru í eign búsettra manna við höfnina eða hafnarsvæðið og eru skrásett þaðan, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, kr. 10.00 af brúttórúmlest skipsins. Minnsta hafnargjald er kr. 100.00 Gjaldldagi er 1. nóvember.
- b. Önnur fiskiskip greiði kr. 1.20 af nettórúmlest. Þó aldrei minna en kr. 30.00 og þó ekki oftár en 2 sinnum á mánuði.
- c. Innland strandferðaskip greiða kr. 0.50 af nettórúmlest í hafnargjald í hvert sinn, þó ekki oftár en 5 sinnum á ári.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land greiða kr. 1.20 af nettórúmlest hverri í hvert sinn, er þau koma á Þingeyrarhöfn.

4. gr.

32. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir föst legugögn á Þingeyrarhöfn skal eigandi greiða aukalega kr. 45.00 á ári, með gjaldldaga 1. nóvember. Fyrir legufæri opinna báta greiðist kr. 15.00 á ári með sama gjaldldaga.

5. gr.

33. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald. Gjaldið skal greiða fyrir hverjar 24 klst. eða minna.

Varðskip, herskip, skemmtiferðaskip og rannsóknaskip, skulu vera undanþegin bryggjugjaldi.

Gjöldin greiðast sem hér segir:

- a. Af farþega-, póst- og innlendum flutningaskipum kr. 0.50 af nettórúmllest.
- b. Af erlendum flutningaskipum kr. 0.75 af nettórúmllest.
- c. Af erlendum togurum greiðist kr. 1.00 af nettórúmllest skipsins.
- d. Af innlendum aðkomuskipum, sem leggja afla sinn á land á Þingeyri greiðist kr. 0.60 af nettórúmllest skipsins. Þó eigi minna en kr. 30.00 í hvert sinn sé skipið 30 brúttórúmllestir eða stærra, en kr. 15.00 af minni skipum, og þó ekki oftast en 2 sinnum í mánuði.
- e. Af öllum öðrum aðkomuskipum greiðist kr. 0.60 af nettórúmllest skipsins, þó eigi minna en kr. 30.00 í hvert sinn sé skipið 30 brúttórúmllestir eða stærra, en kr. 15.00 af minni skipum.
- f. Heimilisfastir bátar greiði kr. 8.00 fyrir hverja brúttórúmllest á ári. Gjaldalagi er 1. nóvember ár hvert.

6. gr.

37. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

1. flokkur: Kol, sement og aðrar þungavörur, þurr bein, salt, tilbúinn áburður, verkaður og óverkaður saltfiskur, beitufiskur, gripahúðir, innflutt járn og matvörur, kr. 25.00 hver smálest.
2. flokkur: Frystur fiskur, kr. 30.00 hver smálest.
3. flokkur: Olíu-, lýsis-, saltkjöts-, hroгна- og benzíntunnur, kr. 5.00 hver tunna.
4. flokkur: Tómar tunnur, kr. 0.75 hver.
5. flokkur: Kindaskrokkar, kr. 0.75 hver.
6. flokkur: $\frac{1}{2}\%$ af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja hann að landi á Þingeyri.
7. flokkur: Ull, kr. 60.00 hver smálest.
8. flokkur: Gærur, kr. 0.25 hvert bindi (ca. 7 kg).
9. flokkur: Útfluttar járnvörur, kr. 12.00 hver smálest. Stórgripir og bátar, kr. 15.00 fyrir hvern. Dráttarvélar, jeppar og fólksbifreiðar kr. 50.00 fyrir hvert stykki. Vörubifreiðar (venjulegar) kr. 100.00 fyrir hverja.
10. flokkur: Sauðkindur, kr. 5.00 fyrir hverja.
11. flokkur: Timbur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir rúmmáli, kr. 0.50 hvert ten. fet.
12. flokkur: Vefnaðarvörur og aðrar smærri vörur í kössum, kr. 40.00 hver smálest.
13. flokkur: Ýmsar stykkjavörur áður ótaldar undir 25 kg, kr. 1.50 hvert stk.
14. flokkur: Olíur á tanka, kr. 25.00 hver smálest. Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, svo og vörur, sem ekki eru sérstaklega nafngreindar í gjaldskrá þessari, skal ákveðið af gjaldkera hafnarinnar. Úrskurði hans, ef um ágreining er að ræða, má skjóta til hafnarnefndar, sem þá ákveður vörugjaldið endanlega.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.